




Grenndarstöðvar í
Grímsnes- og
Grafningshreppi


Tilgangur grenndarstöðva - tilraunaverkefni

- Bæta flokkun sumarhúsaeigenda
- Aukin þjónusta við fasteignaeigendur
- Lægri kostnaðar við sorpeyðingu til lengri tíma – fyrir alla
- Umhverfislegur ávinningur

Staðsetningar


- Ásgarður
- Vaðnesvegur
- Seyðishólar
- Úlfljótsvatn
- Borg
- Hraunborgir

Uppsetning grenndarstöðva



Stærri grenndarstöðvar

- 2x almennur úrgangur gámur
- 2x pappi og pappír
- 2x plast
- 1x málmur
- 1x gler
- 2-4 lífrænar tunnur í einhvers konar gerði - 240 l tunnur
- Grænir skátar gámur fyrir skilagjaldsskyldar umbúðir



8 m³ framhlaðningsgámar

Útlit gámanna







LÍFRÆNN
ÚRGANGUR



Grátunna Blandaður úrgangur

Ef flokkun gengur almennt vel þá ætti mjög lítill úrgangur að fara í grátunnuna. Dæmi um þennan úrgang er t.d. bleyjur, úrgangur frá gæluðýrahaldi, umbúðir úr blönduðu hráefni sem ekki er hægt að skilja í sundur og úrgangur sem ekki er hægt að hreinsa.

Blandaður, óflokkaður úrgangur er urðaður og með því að minnka hann er neikvæðum umhverfisáhrifum af völdum úrgangsins haldið í lágmarki.



ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú finnur engan annan stað fyrir úrganginn þá á hann að öllum líkindum heima í grátunnunni.

Brúntunna Lífrænn úrgangur

Allur lífrænn úrgangur fer í tunnuna með brúna lokinu, úrgangurinn fer svo í jarðgerð og verður loks að moldu. Gott er að safna efninu í sérstaka poka úr pappír eða maíspoka sem jarðgerast með efninu. Venjulega plastpoka má alls ekki nota.

Athugið að binda vel fyrir pokana áður en þeir eru settir í söfnunartunnuna.

Súpur, sósir og soð má ekki setja með lífrænum úrgangi, því er skolað niður um vaskinn.



ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur borðað það en vilt það ekki þá fer það í brúntunnuna.

Blátunna Pappír og pappi

Til að efnið nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að mjólkurfurnur séu vel skolaðar og annar pappír undan matvælum þarf að vera hreinn og þurr. Mikilvægt er að fjarlægja allar matarleifar og plastumbúðir sem kunna að vera inni í umbúðunum. Allt efni á að fara laust í tunnuna en ekki í lokuðum pokum. Pappírinn og pappinn er að mestu fluttur erlendis til endurvinnslu og dregur slík endurvinnsla úr eyðingu skóga.

Umbúðir þurfa að vera hreinar og lausar við allar matarleifar



ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú getur rífið úrganginn þá er hann að öllum líkindum pappír og fer því í blátunnuna.

Græntunna Plast

Til að plastið nýtist sem best sem endurvinnsluefni er nauðsynlegt að hafa í huga að plast undan matvælum og hreinsiefnum þarf að vera vel skolað og þurr. Sníðugt er að pressa umbúðirnar saman til að minnka rúmmál. Allt efni á að fara í pokum í tunnuna.

Plast sem safnast fer að mestu erlendis til endurvinnslu en að hluta til orkuvinnslu.

Umbúðir þurfa að vera hreinar og lausar við allar matarleifar




ÞUMALPUTTAREGLAN er sú að ef þú ert ekki viss um hvort endurvinnsluefnið er úr áli eða plasti getur þú prófað að krumpa efnið saman og ef það sprettur út aftur þá er það plast, en ef það helst samankrumpað þá er það ál og fer með málum.



Með því að flokka þann úrgang sem fellur til á heimilinu eða í sumarbústaðnum og koma honum þannig í endurvinnslu er hægt að stuðla að hringrænu hagkerfi sem sparar auðlindir jarðarinnar, okkur öllum til góða!





Á facebook síðunni:
[Gámastöðin Seyðishólum](#)
má finna ýmsa hagnýta og
fróðlega punkta um
flokkun.

Endilega fylgist með.